



Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps - 559

FUNDARBOÐ

**559. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps
verður haldinn Strandgötu 38, 13. ágúst 2020 og hefst kl. 18:00.**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2007077 - Slökkvilið og sjúkraflutningar

Erindi frá Vesturbyggð dags. 16.07.2020 þar sem óskað er eftir afstöðu Tálknafjarðarhrepps til þess hvort sveitarfélagið hafi áhuga á að koma greiningu á fýsileika þess að sameina slökkvilið og sjúkraflutninta á sunnanverðum Vestfjörðum í samvinnu við Vesturbyggð og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Jafnframt er lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra Vestrubbyggðar dags. 08.07.2020 varðandi samrekstur sjúkraflutninga og slökkviliðs fyrir sunnanverða Vestfirði.

2. 2001125 - Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga

Húsnæðisáætlun Tálknafjarðarhrepps 2020-2028 lögð fram til staðfestingar.

3. 2005065 - Tjón vatnstjón í íþróttahúsi

4. 1903062 - Beiðni um afhendingu á jafnréttisáætlun ásamt framkvæmdaáætlun.

Tölvupóstur frá Jafnréttisstofu dags. 09.07.2020 varðandi húsnæðisáætlun Tálknafjarðar.

Til kynningar

5. 1911581 - Yfirfærsla Tálknafjarðarveggar (617-02) frá Vegagerðinni til Tálknafjarðarhrepps

Minnisblað frá Pálma Þór Sævarssyni hjá Vegagerðinni dags. 26.06.2020 varðandi skil Vegagerðarinnar á Tálknafjarðarvegi lagt fram.

6. 2006273 - Framkvæmdarleyfi umsókn ný brú yfir Botnsá

Svar Vegagerðarinnar dags. 06.07.2020 við erindi frá sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps dags. 25.06.2020 vegna framkvæmdaleyfis við veg og byggingu nýrrar búrar á Bíldudalsveg um Botnsá. Jafnframt er framkvæmdaleyfi gefið út af Byggingafulltrúa Tálknafjarðarhrepps dags. 06.07.2020 vegna framkvæmdarinnar lagt fram til kynningar.

7. 2007096 - Pollurinn Tálknafirði grunur um Campylobakter sýkingu

Bréf frá Heilbrigðisfulltrúa dags. 22.07.2020 vegna gruns um Campylobakter sýkingu í pollinum lagt fram til kynningar. Jafnframt er lagður fram tölvupóstur frá Heilbrigðisfulltrúa dags. 27.07.2020 þar sem greint er frá niðurstöðum á rannsóknum á sýnum þar sem ekki eru gerðar aðrar athugasemdir en við háan gerlafjölda.



8. 1910550 - Byggðakvóti 2019-2020

Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu dags. 22.06.2020 þar sem bókun sveitartjórnar Tálknajarðarhrepps vegna sérreglna vegna byggðakvóta 2019-2020 lagt fram.

9. 2007088 - Starfsleyfi vegna tillögu að breytingu á starfsleyfi Arctic Sea Farm hf. í Patreks- og Tálknafirði

Bréf sveitarstjóra til Umhverfisstofnunar dags. 22.07.2020 vegna tillögu að breytingu á starfsleyfi Arctic Sea Farm hf. í Patreks- og Tálknafirði lagt fram.

10. 2007090 - Gjöf 2 bækur Suðureyri athafnasaga og smásögur og frásagnir að vestan

Bréf frá Pétri Bjarnasyni dags. 15.07.2020 þar sem greint er frá útgáfu bókarinnar "Suðureyri - athafnasaga" og sagt frá gjöf á eintaki af bókinni til sveitarstjórnar ásamt eintaki af bókinni "Nótabátur leggst í víking" sem kom út árið 2019. Jafnframt fylga erindinu minnisþingar varðandi flugvallargerð á Tannanesi við Tálknafjörð.

11. 2002265 - Heimsfaraldur COVID 19

Tilmæli sveitarstjóra um starfsemi Tálknafjarðarhrepps vegna Covid-19 frá 31.07.2020 lögð fram.

12. 2007039 - Hafnasambandsþing 2020

Bréf frá Hafnasambandi Íslands dags. 03.07.2020 þar sem boðað er til 42. hafnasambandsþings sem haldið verður í Ólafsvík dagana 24. og 25. september 2020 lagt fram.

13. 2004585 - Tölfræði vegna atvinnuleysis Vinnumálastofnun á Vestfjörðum 2020

Upplýsingar frá Vinnumálastofnun vegna atvinnuleysis á Vestfjörðum í júní 2020 lagðar fram.

14. 2007054 - Stöðuskýrslur uppbyggingarteymis

Stöðuskýrslur frá Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar Covid-19 dags. 05.06.2020, 22.06.2020 og 03.07.2020 lagðar fram.

15. 2007063 - Skýrsla kynning skýrslu Sviðsmyndir raforkunotkunar á Vestfjörðum

Skýrslan "Sviðsmyndir um raforkunotkun á Vestfjörðum" dags. 27.02.2020 unnin af Verkfræðistofunni Eflu fyrir Vestfjarðarstofu lögð fram.

16. 2005076 - Lýsing fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum til umsagnar

Umsögn svæðissráðs um framkomnar athugasemdir við lýsingu Strandsvæðisskipulag Vestjarða frá júlí 2020 lögð fram.

17. 2007060 - Fundur ósk um fund við Vegagerðina vegna vetrarþjónustu

Afrit af bréfi Samtaka atvinnurekenda á sunnanverðum Vestfjörðum til Vegagerðarinnar dags. 07.07.2020 varðandi ósk um fund um vetrarþjónustu 2020/2021 lagt fram til kynningar.

18. 2007024 - Fjárhagsáætlun 2021

Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 02.07.2020 varðandi forsendur



fjárhagsáætlana 2021-2024 lagt fram.

19. 1902453 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra

Minnisblað sveitarstjóra um stöðu verkefna verður lagt fram á fundinum.

Fundargerðir til kynningar

20. 2003304 - Fundargerðir 2020 Vestfjarðarstofu

Fundargerð stjórnarfundar Vestfjarðarstofu sem fór fram 12.05.2020 lögð fram.

10.08.2020

Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri.